

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

19. febrúar 2019 kl. 8:10

Mættir voru:

Þorvar Hafsteinsson, fulltrúi foreldra, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara, Theódór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara, Alfreð Maríusson, fulltrúi starfsmanna. Ástrós Magna Vilmundardóttir fulltrúi nemenda og Haukur Ingi Hauksson, fulltrúi nemenda.

Fundarritari: María Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

1. Skóladagatal Vatnsendaskóla

Farið yfir skóladagatal Vatnsendaskóla næsta árs. Umræður um dagatalið á fundinum. Skóladagatal samþykkt af öllum.

2. Ytra mat skólans

Guðrún Soffía fór yfir niðurstöður ytra matsins sem skólinn var í fyrr í vetur. Umræður um ytra matið, hvar styrkleikar skólans liggja og hvað þarf að laga. Mjög margt gott kemur fram í matinu en einnig þættir sem þarf að laga. Guðrún Soffía fór einnig yfir umbótaáætlun sem skólinn er að vinna í út frá matinu.

3. Önnur mál

Þorvar greindi frá því að hann er í samráðshópi vegna samræmdra prófa en hópurinn mun skila fljótlega af sér tillögum vegna fyrirlagnar samræmdra prófa. Umræður á fundinum um samræmd próf.

Teddi ræddi um að 9. bekkurinn er að vinna í verkefni sem heitir Krakkar með krökkum. Verkefnið snýr að jafningjafræðslu en nemendur í 9. bekk fara í litlum hópum inn í 4. og 6. bekki og verða með fræðslu um vináttu. Þau fylgja ákveðnu prógrammi, þar sem leikir og samvinnuverkefni eru unnin með yngri nemendum.

Þorvar nefndi að foreldraróltið hefði ekki gengið nógu vel. Skipulagið sem var í gangi fyrir jóla hefur ekki verið virkt eftir áramótin. Ráðgert er að koma skipulaginu á aftur á næstunni.

Fram kom mikil ánægja með hafragrautinn sem nemendum á unglingsstigi stendur til boða í fyrri frímínútum.

Rætt um skólaping sem ráðgert er að halda á vordögum. Umræður um hvaða tímasetning myndi henta best, þannig að foreldrar, nemendur og starfsfólk sjái sér fært að mæta.

Fundi slitið kl. 9:15